

# Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2008



## Efnisyfirlit

Ávarp rektors .....	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands .....	5
Auðlindadeild .....	6
Umhverfiseild.....	7
Starfs- og endurmenntunardeild .....	8
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2008.....	9
Rannsóknasvið .....	11
Rekstrar- og þjónustusvið.....	13
Fjármál .....	14
Útgáfa.....	14
Ritaskrá starfsmanna .....	15
Starfsmenn.....	22
Brautskráning LbhÍ í Bústaðakirkju 31. maí 2008 .....	25

## Ávarp rektors

Þetta fjórða starfsár Landbúnaðarháskóla Íslands var viðburðaríkt í meira lagi. Um áramótin 2007/8 fluttist LbhÍ til innan stjórnkerfisins og tilheyrir nú menntamálaráðuneyti og heyrir þannig undir ráðherra menntamála líkt og aðrir háskólar landsins. Þessir tilflutningar höfðu þó nær engar breytingar aðrar í för með sér en orðabreytingar í lagabálkum. Viðurkenningarferli LbhÍ lauk í aprílmánuði þegar menntamálaráðherra afhenti okkur formlega viðurkenningu á fræðasviðinu bú- og auðlindavísindi við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Menntamálaráðherra heimsótti síðan starfsstöðvar LbhÍ á svipuðum tíma og kynnti sér starf og aðstöðu.

Á árinu var unnið að stefnumörkun fyrir LbhÍ til næstu fimm ára með þátttöku starfsmanna skólans en yfirstjórn stýrði verkefninu með aðstoð sérfræðinga frá Capacent ráðgjöf. Háskólaráð samþykkti síðan stefnuna á fundi sínum þann 10. desember og starfsmenn fylktu sér um hana á eftirminnilegum starfsmannafundi á Hvanneyri þann 18. desember sl.

Stór jarðskjálfti gekk yfir Suðurland í maímánuði með miklum skemmdum á mannvirkjum en mildi var að ekki urðu alvarleg slys á fólki. Verulegar skemmdir urðu á húsum okkar á Reykjum en skólabyggingin og tilraunagróðurhúsið sluppu þó nær óskemmd.

Síðustu þrjú mánuðir ársins einkenndust af ringulreið í Þjóðfélaginu eftir að bankakerfi landsins hrundi í einu vefangi. Þessi áföll í efnahagsmálum urðu síðan til þess að ekkert varð úr langþráðri leiðréttingu á fjárhagsgrunni stofnunarinnar eins og allar áætlanir stóðu til hjá stjórnvöldum. Þetta voru mikil vonbrigði.

Allir háskólarnir reyndu að bregðast við efnahagsáfallinu með uppbyggjandi hætti m.a. með því að opna á innritun nemenda við áramót. Þá ákváðum við að setja á fót verkefnið Sprotinn – Atvinnusmiðja sem upphaflega var hugsað sem vettvangur fyrir nemendur og starfsmenn LbhÍ fyrir nýhugsun í atvinnuefningu. Þetta verkefni hefur síðan verið að þróast yfir í vel skilgreint frumkvöðlasetur með aðkomu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Atvinnuráðgjafar Vesturlands. Vonir standa til að hægt verði að efla þessa starfsemi mjög á nýju ári.

Á árinu var gengið frá samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti um fyrirkomulag greiðslna til rannsókna í landbúnaði af þeim fjármunum sem urðu eftir á sérstökum fjárlagalið í ráðuneytinu þegar LbhÍ var flutt yfir til menntamálaráðuneytisins. Fljótlega þarf þó að semja að nýju því þetta fyrirkomulag er eingöngu til eins árs.

Átaki í garðyrkjurannsóknum var hleypt af stokkunum á sl. ári en þar er um að ræða sérstakt samstarf Félags garðyrkjubænda og LbhÍ í samstarfi við Martens garðyrkjutilraunastöðina í Finnlandi. Hér er um að ræða spennandi verkefni en þegar hafa fengist fjármunir til verkefnisins m.a. úr þróunarsjóðum garðyrkjunnar.

Ágætlega gekk að afla rannsóknastyrkja á árinu og var sérstaklega ánægjulegt hversu vel doktorsnemum LbhÍ gekk við öflun fjár til sinna verkefna.

Góð aðsókn var í nám og sérstaklega gaman að því hversu margir nemendur sóttust eftir námi á starfsmenntabrautum. LbhÍ opnaði fyrir innritun nemenda á flestar brautir um áramót til að svara kalli samfélagsins vegna skipbrots þjóðarinnar í efnahagsmálum. Þetta var gert þó svo að nemendur yrðu þá að koma inn í hafið nám og í mörgum tilvikum búnir að missa af nauðsynlegum fornámskeiðum.

Á árinu voru samþykkt frá Alþingi ný lög um háskóla og framhaldsskóla sem greiða eiga fyrir áframhaldandi þróun LbhÍ og eru gott og þarft framfaraskref.

Endurmenntunardeildin var mjög virk en um 1500 manns sóttu námskeið á vegum deildarinnar á síðasta ári. Farið var af stað með námskeiðaröð sem nefnist Reiðmaðurinn sl. haust og er tveggja ára einingarbært nám sem byggir á samfelldri röð námskeiða. Færri komust að en vildu.

Brautskráning nemenda úr Landgræðsluskólanum fór fram í byrjun október en starf þetta fer geysilega vel af stað. Staðfesting á því fékkst síðan að aflokinni úttekt utanríkisráðuneytisins á verkefninu en fenginn hafði verið erlendur sérfræðingur til þeirra verka á haustmánuðum. Skýrsla hans sem lögð var fyrir háskólaráð Háskóla sameinuðu þjóðanna í byrjun desember talar skýrt fyrir því að verkefnið er á hárréttri leið og var fagnað af ráðinu.

Brautskráningar nemenda Lbhí fóru fram með glæsilegum hætti þann 30. maí í Reykholtskirkju og 31. maí í Bústaðakirkju. Til stóð að brautskráning nemenda garðyrkjubrauta yrði í Hveragerðiskirkju en vegna jarðskjálftanna dagana á undan og skemmda sem urðu á kirkjunni var athöfnin flutt.

Ársfundur Lbhí var haldinn á Hótel Stykkishólmi í apríl. Meginþema fundarins að þessu sinni var náttúra- og umhverfi og var dagskráin unnin í samvinnu við rannsókn- og fræðasetrin á Snæfellsnesi. Við þetta tækifæri voru undirritaðir samstarfssamningar við Náttúrfraeðistofnun Íslands, Samtök náttúrustofa á Íslandi og Landmælingar Íslands.

Á árinu voru gerðir samningar við ýmis samtök, félög og stofnanir s.s. Félag íslenskra landslagsarkitekta, Skógræktarfélag Íslands, Garðyrkjufélag Íslands, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun o.fl. Þessir samningar spanna margháttaða samvinnu svo sem um endurmenntun, kennslu og rannsóknir. Þá var á árinu gerður mjög víðtækur samningur milli Lbhí og Háskóla Íslands sem opnar á marga spennandi möguleika til samstarfs um nám, rannsóknir og stoðþjónustu. Á árinu var stofnað til sérstaks verkefnis sem nefnist Náttúrufræðiháskóli unga fólksins og miðar að nánari tengingu skólastiga. Þátttakendur eru þrír framhaldsskólar á Vesturlandi auk Lbhí og er verkefnið styrkt af Vaxtarsamningi Vesturlands.

Fræðaping landbúnaðarins var haldið í febrúar en þar er um að ræða gríðarlega mikilvægan vettvang til kynningar á nýjustu þekkingu og gott dæmi um farsælt samstarfsverkefni margra stofnana á þessu sviði.

Votlendissetur Lbhí var stofnað að viðstöddum Forseta Íslands við eftirminnilega athöfn á Hvanneyri þann 30. maí. Setrinu er ætlað að vera miðstöð þekkingar um þetta mikilvæga vistkerfi hér á landi. Það er sett upp í samstarfi við hið heimsþekktu votlendissetur við Ohio háskóla en prófessor Bill Mitsch forstöðumaður þess tók þátt í undirbúningnum og heimsótti við það tækifæri Lbhí og hélt fjölsóttan fyrirlestur á Hvanneyri.

Framkvæmdum við B-álmú í Ásgarði lauk á árinu og fluttust skrifstofur starfsfólks úr Gamla skóla í hina nýju glæsilegu aðstöðu nú í haust. Þá var bókasafnið flutt úr Skólastjórahúsi í Ásgarð auk þess sem gerðar voru breytingar í rannsóknahúsi til að bæta aðstöðu til m.a. skógræðirannsóknna og verklegar kennslu auk þess sem bóksölu og fjölritun hefur verið fundinn varanlegur staður í húsinu. Þá var hafist handa við breytingar í Gamla skóla þannig að hægt verði að taka þar inn fólk til gistingar og er þar fyrst og fremst hugsað til fjarnema í lotukennslu auk þátttakenda í námskeiðum á vegum endurmenntunardeildar.

Á Reykjum var ráðist í endurbætur á kennslustofum en stærsta framkvæmd ársins var ný borhola sem tekin var í haust en eldri borholur skemmdust varanlega í jarðskjálftunum fyrr á árinu. Fjármunir fengust úr sérstökum jarðskjálftasjóði á vegum ríkisstjórnar til þeirra framkvæmda. Eins og áður er greint urðu miklar skemmdir á byggingum á Reykjum við jarðhræringarnar sl. vor. Skólahúsið sjálft stóð þó náttúruhamfarirnar ótrúlega vel af sér. Ljóst er að mikil vinna er framundan við lagfæringar og eins fóru gömul gróðurhús mjög illa og þarf að hreinsa þau burtu.

Áætlanir stóðu til að hefja byggingu nýrra nemendagarða á Hvanneyri á síðasta ári en öllum undirbúningi var lokið sl. vor. Framkvæmdum var hins vegar frestað í ljósi erfiðra aðstæðna í þjóðfélaginu og ráða óhagstæð skilyrði til fjármögnunar þar mestu.

Unnið var að langþráðum utanhússviðgerðum á Keldnaholti og haldið áfram við endurbætur og aðlögun húsnæðis að breyttri starfsemi.

Samningar við eigendur Mið-Fossa voru þróaðir áfram á haustmánuðum og hefur LbhÍ nú jörðina og alla aðstöðu á leigu. Er aðstaðan fyrst og fremst nýtt til námskeiðahalds en gríðarleg aukning hefur orðið í hvers kyns námskeiðahaldi á sviði hestamennsku. Þá eru tún nýtt til heyöflunar fyrir búrekstur LbhÍ.

Undirritaður var samningur milli LbhÍ og sóknarnefndar Hvanneyrarkirkju um endurbyggingu Skemmunnar sem er elsta húsið á Hvanneyri. Þegar hafa fengist allnokkrir fjármunir til byggingarinnar og er reiknað með því að framkvæmdir hefjist í upphafi nýs árs. Áætlanir eru um að Skemman þjóni sem safnaðarheimili en einnig verði mögulegt að nýta húsnæðið fyrir margháttaða viðburði í þágu samfélagsins á Hvanneyri. Þá var á árinu gengið frá samningi milli Landbúnaðarsafns Íslands og LbhÍ um langtímaleigu á Halldórsfjósi undir safnastarfsemina. Þegar er hafinn undirbúningur að breytingum og endurbótum á þessu sögufræga húsi þannig að það þjóni nýju hlutverki sem best.

Oracle verkþókhald var innleitt að fullu fyrir alla starfsemi LbhÍ frá ársbyrjun 2008. Er hér um að ræða mikið framfaraskref í rekstri stofnunarinnar en þess má geta að LbhÍ er frumkvöðull á þessu sviði meðal ríkisstofnana.

Að lokum má geta þess að sá ánægjulegi viðburður átti sér stað á árinu að LbhÍ var útnefnd ein af fyrirmyndarstofnunum SFR – stéttarfélags í almannabágu, árið 2008.

*Ágúst Sigurðsson*

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

**Ágúst Sigurðsson**, rektor landbúnaðarháskóla Íslands.

**Ari Teitsson**, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

**Brynhildur Einarsdóttir**, tilnefndur af menntamálaráðherra. Varamaður hans er **Ari Eggertsson**.

**Emma Eyþórsdóttir**, tilnefnd af starfsmönnum LbhÍ.

**Eyjólfur Ingvi Bjarnason**, formaður nemendafélags LbhÍ, tilnefndur af stúdentaráði. Varamaður hans er **Brynja Dögg Ingólfssdóttir**.

**Haraldur Benediktsson**, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

**Jón Torfi Jónasson**, tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands.

**Stefán Kalmansson**, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.

**Þorsteinn Tómasson**, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

## Auðlindadeild

Íslenskur landbúnaður þarf að uppfylla margvíslegar kröfur samfélagsins þar sem áhersla er annars vegar á gæði, hollustu og öryggi afurða og hins vegar á hagkvæmni í rekstri og lágt verð á matvælum. Er þetta ekki hvað síst mikilvægt nú á tímum þegar öll aðföng og rekstrarleg umgjörð búanna hefur hækkað mikið. Á sama tíma þurfa íslenskir bændur einnig að laga búskaparhætti sína að vaxandi áhuga neytenda á umhverfisvernd og velferð búfánaðar.

Meginmarkmið auðlindadeildar er að finna leiðir til þess að bæta nýtingu, lækka kostnað við framleiðslu búvara og auka gæði þeirra en tryggja jafnframt að aukin hagkvæmni haldist í hendur við sjálfbæra nýtingu landsins. Starfsmenn við auðlindadeild voru 36 í árslok 2008 og inntu þeir af hendi tæplega 30 ársverk.

Við auðlindadeild er starfrækt námsbraut í búvísindum til BS prófs þar sem áhersla er lögð á búfjárrækt, jarðrækt og skyldar greinar. Haustið 2007 tók til starfa námsbraut í hestafræðum og er hún sameiginlegt verkefni Lbhí og Háskólans á Hólum þar sem nemendur stunda nám á báðum stöðum og útskrifast með sameiginlega gráðu frá báðum skólunum. Nemendur í grunnnámi eru nú 42. Framhaldsnám í búvísindum er vaxandi við deildina og nú stunda 11 nemendur rannsóknatengt meistaranám á ýmsum sviðum búvísinda. Doktorsnemar eru fjórir og vinna þeir allir að rannsóknum sem tengjast erfðafjölbreytni og kynbótum.

Rannsóknastarfið hefur líkt og undanfarin ár einkennst af sígildum viðfangsefnum eins og ræktun og verkun fódurs, fódrun búfjár og rannsóknum á eiginleikum búfjár og afurða þess. Á sviði jarðræktar er áfram unnið af krafti að kynbótum á byggi og þróun ræktunaraðferða þar sem kornræktin hefur vaxandi vægi í samhengi við aðra fódurræktun. Kornræktin er eitt þeirra verkefna sem er unnið í nánú samstarfi við fjölda bænda og hefur sú samvinna skilað miklum árangri. Einnig hefur ræktun niturbindandi tegunda verið fyrirferðamikil auk rannsókna á hringrás næringarefna í jarðvegi og nýtingu þeirra. Í fódurfræði er hámarksnýting næringarefna miðað við þarfir gripanna á hverjum tíma mikilvægt viðfangsefni, með sérstakri áherslu á fódrun hámjólka kúa. Rannsóknnaaðstaða í sameinda-erfðafræði á Keldnaholti hefur skapað möguleika á fjölbreyttum og spennandi verkefnum í erfðafræði íslenskra búfjárkynja og eru nokkur slík í gangi eða lokið. Verkefnabálk miklum um rannsóknir á ýmsum þáttum er snúa að vanhöldum ungválfala lauk með mikilli ráðstefnu í lok nóvember. Á árinu hófst svo farsælt samstarf okkar við Samband garðyrkjubænda og Martens Trädgård Stiftelse í Finnlandi um rannsóknir í ylrækt. Í framhaldi af því var ráðinn sérfræðingur á sviði ylræktar og er nú komin af stað mikil tilraun í tilraunagróðurhúsi Lbhí að Reykjum þar sem kanna skal áhrif mismunandi lýsingar á ræktun papriku.

Nauðsynlegt er að huga vel að rannsóknum á gæðum íslenskra landbúnaðarafurða sem skipta miklu máli fyrir ímynd landbúnaðarins. Þar eigum við í góðu samstarfi við Matís og sérfræðinga hjá Háskóla Íslands. Samtímis er mikilvægt að stuðla að sjálfbærum búskaparháttum bæði hvað varðar ræktun lands og búpenings.

*Áslaug Helgadóttir*

## Umhverfiseild

Umhverfiseild gegnir margháttuðu hlutverki á sviði umhverfismála á Íslandi. Umhverfismál eru sífellt viðameiri liður í samfélagslegu starfi og umhverfiseild Landbúnaðarháskóla Íslands hefur ávallt tekið virkan þátt í menntun, samfélagsþróun og rannsóknum á sviði umhverfismála. Sjálfbær nýting, verndun og endurheimt náttúruauðlinda landsins er meðal helstu markmiða deildarinnar. Kennt er við þrjár brautir innan deildarinnar sem eru: umhverfisskipulag sem Auður Sveinsdóttir veitir forstöðu, náttúru og umhverfi sem Anna Guðrún Þórhallsdóttir stýrir, og skógfræði og landgræðslubraut sem Bjarni Diðrik Sigurðsson stjórnar. Landgræðsluskólinn sem rekinn er með Landgræðslu ríkisins þróaðist farsælega, en Hafdís Hanna Ægisdóttir var ráðin á árinu til að sinna verkefninu við hlið Ingu Svölu Jónsdóttur. Rík áhersla var lögð á þróun MS náms við deildina. Á árinu útskrifuðust fyrstu MS nemarnir á Íslandi á svið skipulagsfræði (Sverrir Örvar Sverrisson) og skógfræði (Sherry Curl). BS nemandur rituðu ennfremur afar fjölbreyttar lokaritgerðir þar sem safnast fyrir verðmætur sjóður þekkingar og hugmynda. Nemendur unnu ennfremur margvísleg verkefni, svo sem tillögu um miðbæjarskipulag á Selfossi og tóku þátt í alþjóðlegri landslagsarkitektasýningu í Barselóna. Á árinu störfuðu 29 starfsmenn við umhverfiseild auk rannsóknanema. Á árinu voru haldnir þrjú deildarfundir auk vinnu- og kynningarfunda. Ragnar Frank Kristjánsson tók sæti Bjarna E. Guðleifssonar í deildarráði. Unnið var að mótun náms á ensku fyrir erlenda stúdenta og voru þær tillögur á lokastigum þegar málinu var slegið á frest vegna fjárhagsástandsins í samfélaginu. Landbúnaðarháskóli Íslands hefur verið miðstöð jarðvegsrannsókna á Íslandi og árinu var aðstaðan til þeirra rannsókna bætt með opnun jarðvegsrannsóknastofunnar Ýmis á Keldnaholti, sem Brita Berglund stýrir. Þá hafa rannsóknir á votlendi einnig verið mikilvægur þáttur rannsóknastarfs umhverfiseildar, og á árinu var stofnað Votlendissetur LbhÍ og er Hlynur Óskarsson formaður stjórnar setursins. Verkefninu „Lónagas“ lauk á árinu en það hafði verið viðamikill þáttur í starfi undangenginna ára og styrkt af Landsvirkjun (Hlynur Óskarsson og Jón Guðmundsson) og fólst í að rannsaka losun gróðurhúsalofttegunda úr uppistöðulónum. Ennfremur lauk verkefnunum Vistland (Berglind Orradóttir) og Lugas sem styrkt voru af Rannsóknasjóði. Meðal nýrra verkefna á árinu er „Kolbjörk“ sem styrkt er af Umhverfis og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur og er unnið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Að öðrum verkefnum má nefna MS-verkefni um skógarmörk á Íslandi (í samstarfi við háskólann í Dresden í Þýskalandi); beitaratferlisfræði (Hafdís Sturludóttir undir leiðsögn Önnu Guðrúnar Þórhallsdóttur).

Á árinu var hafin vinna við alþjóðlega verkefnið „Oats“ sem fjallar um ferðamennsku og lífrænan landbúnað (Ragnhildur Sigurðardóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir). Samvinna við stofnanir sem sinna náttúrufarsrannsóknum var formfest með samstarfssamningum, m.a. við Náttúrufræðistofnun, samtök Náttúrufræðistofa (SNS) og Landmælingar Íslands. Auk þess átti umhverfiseild farsælt samtarf við margvíslegar aðrar stofnanir og félagasamtök um rannsóknir og menntun.

Norrænt öndvegissetur í kolefnisrannsóknum var rekið áfram undir forystu LbhÍ og ráðin til þess PostDoc starfsmaður við LbhÍ, Marja Maljanen. Umhverfiseild stóð fyrir norrænum PhD kúrsi um landhnignun og vistheimt, með þátttöku 24 nema frá 14 þjóðlöndum.

*Ólafur Arnalds*



## Starfs- og endurmenntunardeild

### Starfsmenntadeild

Helsta verkefni starfsmenntadeildar Lbhí er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skógtækni, skrúðgarðyrkju og ylraekt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í öllum þeim greinum sem skólinn kennir.

Vorið 2008 útskrifuðust 16 nemendur af búfræðibraut. Af garðyrkjubrautum fengu 11 nemendur fulla útskrift (þ.e. höfðu lokið bæði bóklegu námi og verknámi) og 18 fengu námsferilsyfirlit við brautskráningu skólans. Þeir nemendur hafa lokið bóklegum greinum en hafa ekki lokið verknámi að fullu.

Brautskráning nemenda af garðyrkjubrautum var flutt í Bústaðakirkju í Reykjavík vegna Suðurlands-skjálfta sem reið yfir tveimur dögum fyrir útskrift. Töluvert tjón varð á Reykjum vegna jarðskjálftanna og fór sumarið meira og minna í lagfæringar á húsnæði til að hægt væri að hefja kennslu við almennilega aðstöðu að hausti.

Nemendur eru teknir inn í búfræði árlega en einungis annað hvert ár á garðyrkjubrautir. Haustið 2008 innrituðust 63 nemendur í garðyrkju og 27 í búfræði. Af þessum nemendum voru 56 í staðarnámi og 34 í fjarnámi. Ekki fékkst næg þátttaka á ylreктarbraut þannig að ekki var farið af stað með kennslu á þeirri braut.

Stöðugildi í deildinni voru 13 þetta árið, þar af voru 3,5 tilheyrandi endurmenntuninni.

Á sumardaginn fyrsta voru stofnuð Hollvinasamtök garðyrkjunnar sem hafa það að markmiði að styðja við garðyrkjunám í landinu.

### Endurmenntun

Endurmenntun Lbhí hélt alls 100 námskeið árið 2008 með 1541 þátttakendum. Námskeiðin voru haldin víða um land og í samstarfi við alla helstu fagaðila sem tengjast fagsviðum Lbhí með einum eða öðrum hætti. Námskeiðaröðin Grænni skógar hefur haldið sínu striki og alls voru 73 þátttakendur þetta árið. Farið var af stað með nýja námskeiðaröð, Reiðmanninn en hún byggir á hugmyndafræði sem Reynir Aðalsteinsson hefur þróað. Alls voru það 44 þátttakendur sem tóku þátt í þessum fyrsta hópi Reiðmannsins og lofar það góðu um framhaldið.

Auk þessa var fjöldinn allur af sérhæfðum fagnámskeiðum fyrir bændur, garðyrkjumenn og aðra fagaðila sem tengjast skólanum.

Heilt yfir gekk starfsemi endurmenntunarinnar mjög vel á árinu. Endurmenntunin er í hægum og öruggum vexti og var heildarársvelta deildarinnar um 28,2 milljónir.

## Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2008

<b>Starfsmenntanam á framhaldsskólastigi</b>	Guðrún Inga Benediktsdóttir	Blómaskreytingabraut
	Júlíana Aðalheiður Ernisdóttir	Blómaskreytingabraut
	Ásrún Ýr Gestsdóttir	Búfræði
	Bjarni Arnar Hjaltason	Búfræði
	Bjarni Árdal	Búfræði
	Brynjólfur Sæmundsson	Búfræði
	Dagbjartur Ketilsson	Búfræði
	Eiríkur Björnsson	Búfræði
	Gunnar Guðbjartsson	Búfræði
	Jóna Þórunn Ragnarsdóttir	Búfræði
	Jón Guðlaugur Guðbrandsson	Búfræði
	Jón Örn Angantýsson	Búfræði
	Kjartan Ottó Hjartarson	Búfræði
	Magnús Ásgeir Elíasson	Búfræði
	Perla Ósk Kjartansdóttir	Búfræði
	Ragnhildur Anna Ragnarsdóttir	Búfræði
	Rut Gunnarsdóttir	Búfræði
	Valpór Freyr Þráinsson	Búfræði
	Gunnhildur A Sigurðardóttir	Garðyrkjuframleiðsla
	Margrét Sigurðardóttir	Garðyrkjuframleiðsla
	Vigfús Eysteinnsson	Skógur og umhverfi
	Berglind Ásgeirsdóttir	Skrúðgarðyrkjubraut
	Ingimar Ingimarsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Jón Elmar Ómarsson	Skrúðgarðyrkjubraut	
Leiknir Ágústsson	Skrúðgarðyrkjubraut	
Tinna Björk Halldórsdóttir	Skrúðgarðyrkjubraut	

Háskólanám	Axel Kárason	BS	Búvísindi
	Egill Gestsson	BS	Búvísindi
	María Þórunn Jónsdóttir	BS	Búvísindi
	Sigríður Ólafsdóttir	BS	Búvísindi
	Steingrímur Þór Einarsson	BS	Búvísindi
	Elin Nolsöe Grethardsdóttir	MS	Búvísindi
	Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir	MS	Búvísindi
	Erla Sturludóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Jóhannes Baldvin Jónsson	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	María Theodórsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Hafdís Sturlaugsdóttir	BS	Náttúra- og umhverfisfræði
	Bergsveinn Þórsson	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Harpa Dís Harðardóttir	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Hrönn Guðmundsdóttir	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Sherry Curl	MS	Skógfræði
	Alma Dröfn Benediksdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Arnar Birgir Ólafsson	BS	Umhverfisskipulag
	Britta Magdalena Ágústsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Heiða Aðalsteinsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Íris Reynisdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Lydia Guðrún Gísladóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Marta María Jónsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Ragnheiður Svala Káradóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Vignir Þór Siggeirsson	BS	Umhverfisskipulag
	Sverrir Örvar Sverrisson	MS	Skipulagsfræði

## Rannsóknasvið

Starfsmenn háskóladeildanna tveggja, auðlindadeildar og umhverfiseildar, stunda umfangsmiklar rannsóknir og viðfangsefnin eru fjölbreytt. Hér fer listi yfir nokkur verkefni sem unnið var að árið 2008. Nánari upplýsingar um þau má fá með því að hafa samband við viðkomandi verkefnisstjóra, netföng þeirra fylgja með verkefnum.

### Auðlindadeild

Erfðafjölbreytileiki í hvítmára  
Níturbúskapur hvítmáratúna  
Smárablöndur og áhrif N-áburðar  
Vallarfoxgras, norrænar erfðauðlindir  
[aslaug@lbhi.is](mailto:aslaug@lbhi.is)

Eiginleikar mjólkur  
Fitusýrur í lambakjöti  
Mjólkurprótein í geitamjólk  
[bragi@lbhi.is](mailto:bragi@lbhi.is)

Áhrif lýsingar á ræktun papriku í ylraekt  
[christina@lbhi.is](mailto:christina@lbhi.is)

Blendingsrækt í sauðfé  
Erfðagallar í sauðfé  
Erfðastuðlar kjöteiginleika  
Vanhöld lamba  
Velferð mjólkurkúa  
Verðmæti íslenska kúakynsins  
[emma@lbhi.is](mailto:emma@lbhi.is)

Heilfóðrun til hámarksafurða  
Áhrif mismunandi fódursamsetningar á vöxt og  
þroska kvígna  
[ghh@lbhi.is](mailto:ghh@lbhi.is)

Fóðuröflun sauðfjárþúna  
Geldstöðufóðrun mjólkurkúa  
Aukin sjálfbærni í fóðrun mjólkurkúa  
Norfor – norrænt fóðurmatskerfi  
[jois@lbhi.is](mailto:jois@lbhi.is)

Yrkjaprófanir fyrir golfflatir  
Langtímaáhrif áburðar og áburðarleiðbeiningar  
Litir í hrossum  
Upphitun íþróttavalla  
Yrkjaprófanir í túnraekt  
[gudni@lbhi.is](mailto:gudni@lbhi.is)

Erfðabreytileiki asparryðs  
Stofnrækt kartafna  
[halldors@lbhi.is](mailto:halldors@lbhi.is)

Kornrækt og kornkynbætur  
Forsóðnar kartöflur – samanburður yrkja  
[jonatan@lbhi.is](mailto:jonatan@lbhi.is)

Erfðabreytileiki í íslenska kúastofninum  
Erfðabreytileiki íslenska geitastofnsins  
Tæknikorn – byggkynbætur með aðstoð erfðamarka  
Uppruni íslenska hestsins  
[jonhal@lbhi.is](mailto:jonhal@lbhi.is)

EuroFIR – Matarhefðir  
Hollusta korns til manneldis á norðurslóð  
Selenhagur íslenskra kvenna  
[laufey@lbhi.is](mailto:laufey@lbhi.is)

Orsakir kálfadauða  
[magnus@lbhi.is](mailto:magnus@lbhi.is)

Næringarefnahringrás við ræktun í íslenskri  
eldfjallajörð  
[rannveig@lbhi.is](mailto:rannveig@lbhi.is)

Yndisgróður  
[samson@lbhi.is](mailto:samson@lbhi.is)

Hollefni í beitargróðri  
[sd@lbhi.is](mailto:sd@lbhi.is)

Áhrif gólfhita á húsvisit hrossa  
Burðarvaki  
Hross í hollri vist  
Legusvæði fyrir kálfa og kvígur  
Tækni við mjólkurfóðrun kálfa  
[snorri@lbhi.is](mailto:snorri@lbhi.is)

Bygging íslenskra hrossa  
Kynbótamat búfjár  
Samræmt kynbótamat í keppniseiginleikum  
íslenska hestsins  
[thorvaldura@lbhi.is](mailto:thorvaldura@lbhi.is)

Áhrif grasræktar á C og N í jarðvegi  
[thorsteinng@lbhi.is](mailto:thorsteinng@lbhi.is)

Beit á hvítmára  
Lifun rótarhnyða  
Svepprot og niturbinding  
[thorey@lbhi.is](mailto:thorey@lbhi.is)

Dreifingatími mykju  
Kjarnfóður  
Olúfrærækt – tilraunaræktun á repju og nepju  
Sprotabú  
Aðbúnaður og vöxtur nautgripa í kjötframleiðslu  
Verkun heilsæðis  
[thorodd@lbhi.is](mailto:thorodd@lbhi.is)

## Umhverfisdeild

Beit hrossa;

- í nýskógrækt

- beitaratferli

Félagsatferli hrossa

Húsvist hrossa

Skriptibeit hrossa og sauðfjár

Tengsl landnýtingar og gróðurfars

Dreifing hreindýra

([annagudrun@lbhi.is](mailto:annagudrun@lbhi.is))

Hellisheiði

Hekluslógar

Notkun svarðlags við uppgæðslu námusvæða

([asa@lbhi.is](mailto:asa@lbhi.is))

Vistland - Þróun vistkerfa við landgræðslu

Jarðstrengur

([berglind@lbhi.is](mailto:berglind@lbhi.is))

Áhrif grisjunar og áburðargjafar á kolefnisbindingu ungsjóga

Skógvist - Áhrif skógræktar á umhverfið

SkógVatn

SkógFrost

Vistfræðileg þjónusta skógræktar

Bætt mat á lífmassa í skógum

Áhrif loftslagsbreytinga á vinnslu líforku úr

skógum

SNS-lotulengd í skógrækt

CAR-ES

ClimaFor

Albedo

([bjarni@lbhi.is](mailto:bjarni@lbhi.is))

Skógarkerfill

([beg@lbhi.is](mailto:beg@lbhi.is))

Svepprót

([eva@lbhi.is](mailto:eva@lbhi.is))

Lónagas - losun gróðurhúsalofttegunda úr

uppistöðulónum

Litla Skarð – umhverfisvöktun

Veglagning og votlendi

Egilsstaðatún

Öndvegissetur

Hraunaveita

NORPEAT

([hlynur@lbhi.is](mailto:hlynur@lbhi.is))

Sinubruni á Mýrum

([jarngerdur@lbhi.is](mailto:jarngerdur@lbhi.is))

Bindibókhald IPCC - skráning vegna

rammasamnings SÞ um loftslagsmál

LUGAS - losun N<sub>2</sub>O og annarra

gróðurhúsalofttegunda úr lífrænum jarðvegi

LULUCF landnýtingargrunnur

Skurðaþekja

Nýting á lífrænum úrgangi

ITEX

([jong@lbhi.is](mailto:jong@lbhi.is))

Ræktun á röskuðum svæðum

Frærækt innlendra landbótaplantna

([nomni@lbhi.is](mailto:nomni@lbhi.is))

Háslón - Rof og gróðurstyrking

Nytjaland - Jarðabók Íslands

Ýmir - íslenskur jarðvegur

KolBjörk

([oa@lbhi.is](mailto:oa@lbhi.is))

Leiksvæði og skólalóðir

Ferðamannastaðir

Hálendisvegir

([ragnar@lbhi.is](mailto:ragnar@lbhi.is))

Rannsóknir í klausturgörðum á Íslandi í tengslum

við Skriðuklaustur

Tré og runnar í borgarumhverfi

Varðveisla ávaxta- og berjastofna í Kristnesi

Yndisgróður

Fræbanki

([samson@lbhi.is](mailto:samson@lbhi.is))

Stad og land

([sigrídur@lbhi.is](mailto:sigrídur@lbhi.is))

Skóglöntuuppeldi

Hagnýting sveppróta

Hleðsla birkiplantna

([ulfur@lbhi.is](mailto:ulfur@lbhi.is))

## Rekstrar- og þjónustusvið

**Bókasafnið** rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða. Starfsmenn bókasafns eru tveir.

**Kennsluskrifstofa** sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrágerð og annað sem varðar skipulag á kennslu, próftöflugerð, prófahald, ferilskrá nemenda og útskriftir skírteina, vottorða o.fl.

**Tölvuþjónusta** annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir. Fjórir starfsmenn eru við tölvuþjónustuna.

**Búrekstur** skólans samanstendur af blönduðu kúa- og fjárbúi á Hvanneyri og Hesti annars vegar og kúabúi á Möðruvöllum hins vegar. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina og hornsteinn íslenskra landbúnaðarvísinda.

### Tilraunaaðstaða

Á *Hvanneyri í Borgarfirði* er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðrækta- og umhverfisrannsókna ásamt orkuvísindum.

Á *Hesti í Borgarfirði* er tilraunabú í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbætur og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Á *Möðruvöllum í Hörgárdal* er tilraunafjós, fræ- og kalrannsóknastofa ásamt aðstöðu til jarðræktarrannsókna.

Á *Stóra-Ármót í Flóahreppi* er rekið tilraunabú í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er tilraunafjós og öll aðstaða til fóðrunarrannsókna.

Á *Reykjum í Ölfusi* er fullkomið gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylækt og uppeldi plantna. Útiaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna

Á *Korpu við Blikastaðaveg* er aðstaða fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilraunareita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.

**Efnagreiningastofur** eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti. Þáttur í starfsemi rannsókna-stofanna er þjónusta við bændur vegna heysýna og jarðvegssýna en þær eru einnig í stöðugri notkun vegna verkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindaerfðafræði og til mælinga á gróðurhúsa-lofttegundum.

## Fjármál

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni.

	Reikningur 2008	Reikningur 2007
<b>Tekjur</b>		
Sértekjur	611.224	297.995
Aðrar rekstrartekjur	23.001	23.373
<b>Tekjur samtals</b>	<b>634.225</b>	<b>321.368</b>
<b>Gjöld</b>		
Almennur rekstur	1.270.997	1.050.133
<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.270.997</b>	<b>1.050.133</b>
Tekjur umfram gjöld	-636.772	-728.765
Framlag úr ríkissjóði	487.078	671.259
<b>Hagnaður/tap ársins</b>	<b>-149.694</b>	<b>-57.506</b>

## Útgáfa

**Rit LbhÍ nr. 19.** Orsakir kálfadauða hjá fyrsta kálfs kvígum. Skýrsla um rannsóknir 2006-2008. Ritstjóri: Magnús B. Jónsson, 2008, 72 bls.

**Rit LbhÍ nr. 17.** Tilraunir með áburð á kartöflur 2004 og yfirlit yfir niðurstöður tilrauna 1950-2004. Fertilizer experiments with potatoes 2004 and compilation of results 1950 – 2004. Hólmgeir Björnsson, 2008, 68 bls.

**Rit LbhÍ nr. 16.** Litir og litbrigði íslenska hestsins. Guðni Þorvaldsson og Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir, 2008, 69 bls.

Að auki gefur Landbúnaðarháskóli Íslands út **Icelandic Agricultural Sciences** í samstarfi við aðrar stofnanir.

## Ritaskrá starfsmanna

### Alþjóðleg ritrýnd fræðirit

**Áslaug Helgadóttir**, P. Marum, **Sigríður Dalmannsdóttir**, K. Daugstad, **Þórdís A. Kristjánsdóttir** and T. Lunnan 2008. Combining winter hardiness and forage yield in white clover (*Trifolium repens* L.) cultivated in northern environments. *Annals of Botany*, 102, 825-834.

**Áslaug Helgadóttir**, J. Connolly, R. Collins, M. Fothergill, M. Kreuzer, A. Lüscher, C. Porqueddu, M.T. Sebastia, M. Wachendorf, C. Brophy, J.A. Finn, L. Kirwan and D. Nyfeler 2008. The benefits of sward diversity for cultivated grasslands. In: A. Hopkins, T. Gustafsson, J. Bertilsson, G. Dalin, N. Nilsson-Linde and E. Spörndly (eds.) *Biodiversity and Animal Feed. Future Challenges for Grassland Production. Proceedings of the 22nd General Meeting of the European Grassland Federation, Uppsala Sweden, 9-12 June 2008*. Uppsala: SLU, 39-51. *Grassland Science in Europe*, 13, 39-51.

A. Lüscher, J.A. Finn, J. Connolly, M.T. Sebastia, R. Collins, M. Fothergill, C. Porqueddu, C. Brophy, O. Huguenin-Elie, L. Kirwan, D. Nyfeler and **A. Helgadóttir** 2008. Benefits of sward diversity for agricultural grasslands. *Biodiversity* 9 (1&2), 29-32.

**Berglind Orradóttir**, S.R. Archer, Ólafur Arnalds, L.P. Wilding and T.L. Thurow 2008. Infiltration in Icelandic Andisols: The role of vegetation and soil frost. *Arctic, Antarctic and Alpine Research*, 40, 412-421.

**Gudleifsson B.E.** and B. Bjarnadóttir 2008. Springtail (Collembola) populations in hayfields and pastures in northern Iceland. *Icelandic Agricultural Sciences* 21, 49-59.

Hallas T. and **B.E. Gudleifsson** 2008. Summer occurrence of *Tyrophagus similis* Volgin (Acari, Acaridae) in hayfields in northern Iceland may include a facultative deutonymph. *Journal of Acarological Society of Japan* 17(2), 101-106.

**Hafdís Hanna Ægisdóttir**, P. Kuss and J. Stöcklin 2008. High genetic diversity and moderate population differentiation despite habitat isolation in a rare alpine plant. Sent til *Annals of Botany*.

Kuss P., M. Rees, H.H. **Ægisdóttir**, S.P. Ellner and J. Stöcklin 2008. Evolutionary demography of long-lived monocarpic perennials: a time-lagged Integral Projection Model. *Journal of Ecology* 96(4), 821-843.

Kuss P., A.R. Pluess, H.H. **Ægisdóttir** and J. Stöcklin 2008. Spatial isolation and genetic differentiation in naturally fragmented plant populations of the Swiss Alps". *Journal of Plant Ecology* 1(3), 149-159.

Asker L., L.B. Schmidt, E. Elberling, G. Asmund and **I.S. Jónsdóttir** 2008. Environmental impact on an arctic soil-plant system resulting from metals released from coal mine waste in Svalbard (78 degrees N). *Water, Air and Soil Pollution* 195, 99-114.

K. Bismuth, S. Skuntz, **Jón H. Hallsson**, A.S. Dutra, E. Steingrímsson, and H. Arnheiter 2008. An unstable targeted allele of the mouse *MITF* gene with a high somatic and germline reversion rate. *Genetics*, 178, 259-271.



Anna R. Magnusardóttir, **Laufey Steingrimsdóttir**, Holmfríður Þorgeirsdóttir, Geir Gunnlaugsson and Gudrun V. Skuladóttir 2008. Docosahexaenoic acid in red blood cells of women of reproductive age is positively associated with oral contraceptive use and physical activity. *Prostaglandins, Leukotrienes and Essential Fatty Acids*  
doi:10.1016/j.plefa.2008.10.004

Anna R. Magnúsdóttir, **Laufey Steingrimsdóttir**, Holmfríður Þorgeirsdóttir, Arnar Hauksson and Gudrun V. Skuladóttir 2009. Red blood cell n-3 polyunsaturated fatty acids in first trimester of pregnancy are inversely associated with placental weight. *Acta Obstetrica et Gynecologica Scandinavica*, 88, 91-97.

Anders Lindroth, Fredrik Lagergren, Mika Aurela, Brynhildur Bjarnadóttir, Torben Christensen, Ebba Dellwik, Achim Grelle, Andreas Ibrom, Torbjörn Johansson, Harry Lankreijer, Samuli Launiainen, Tuomas Laurila, Meelis Mölder, Eero Nikinmaa, Kim Pilegaard, **Bjarni D. Sigurdsson** and Timo Vesala 2008. Leaf area index is the principal scaling parameter for both gross photosynthesis and ecosystem respiration of northern deciduous and coniferous forests. *Tellus 60B*, 129-142.

Eric J. Ward, Ram Oren, **Bjarni D. Sigurdsson**, Paul G. Jarvis and Sune Linder 2008. Fertilization effects on mean stomatal conductance are mediated through changes in the hydraulic attributes of mature Norway spruce trees. *Tree Physiology* 28(4), 579-596.

